

Alþingi
Erindi nr. P 139/2066
komudagur 20. 4. 2011



Alþýðusamband Íslands

Nefndasvið Alþingis
Félags- og tryggingamálanefnd
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 19. apríl 2011.
Tilvísun: 201104-0036

Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 139/2005, um starfsmannaleigur, með síðari breytingum – 729 mál

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 139/2005, um starfsmannaleigur, með síðari breytingum – 729 mál

Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur gert athugasemdir við tiltekið efni laga nr. 139/2005, um starfsmannaleigur, með síðari breytingum, sem stofnunin telur að brjóti hugsanlega í bága við 36. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, meðal annars að teknu tilliti til dómafrankvæmdar Evrópudómstólsins. Gerð er grein fyrir þessum athugasemdum í athugasemdum með frumvarpinu.

Þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu á tilteknum ákvæðum laga um starfsmannaleigur er ætlað að mæta framangreindum athugasemdum Eftirlitsstofnunar EFTA án þess þó að skerða á nokkurn hátt þau markmið sem lögunum er ætlað að ná, enda ekki gert ráð fyrir að umræddar breytingar hafi áhrif á framkvæmd laganna auk þess sem Vinnumálastofnun ber ætíð að fara að stjórnarsýslulögum í störfum sínum, meðal annars með því að gæta meðalhófs.

Sú tillaga sem nú liggur fyrir um breytingar á starfsmannaleigulögum er unnin í ágætu samstarfi við aðila vinnumarkaðarins.

Alþýðusamband Íslands leggur til að frumvarpið verði samþykkt.

Virðingarfyllst,

Halldór Grönvoid,
aðstoðarfrankvæmdastjóri ASÍ